



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

PAUL LEWIS



4. FEBRÚAR 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Píanósónata í C-dúr: 15'

Sex bagatellur: 20'

Sex píanóstykki: 23'

Píanósónata í G-dúr: 10'

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en/sinfonia.is

Einleikstónleikarnir eru hluti af dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA


MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Reykjavíkurborg

SUN 04 FEB 17:00

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

PAUL LEWIS

Paul Lewis
einleikari

EFNISSKRÁ

Joseph Haydn

Píanósónata í C-dúr, Hob. XVI/50 (1794/95)

Allegro

Adagio

Allegro molto

Ludwig van Beethoven

Sex bagatellur op. 126 (1824)

1. Andante con moto. Cantabile e compiacevole

2. Allegro

3. Andante. Cantabile e grazioso

4. Presto

5. Quasi allegretto

6. Presto

Hlé

Johannes Brahms

Sex píanóstykki op. 118 (1893)

1. Intermezzo. Allegro non assai, ma molto appassionato

2. Intermezzo. Andante teneramente

3. Ballade. Allegro energico

4. Intermezzo. Allegretto un poco agitato

5. Romanze. Andante - Allegretto grazioso

6. Intermezzo. Andante, largo e mesto

Joseph Haydn

Píanósónata í G-dúr, Hob. XVI/40 (1784)

Allegretto innocente

Presto



 @paullewisiano

PAUL LEWIS

EINLEIKARI

Paul Lewis nýtur virðingar sem einn fremsti tónlistarmaður sinnar kynslóðar. Hljóðritanir hans á helstu verkum Beethovens og Schuberts hafa hvarvetna hlotið einróma lof og staðfest stöðu hans sem eins fremsta túlkanda miðevrópskrar tónlistar klassíska tímabilsins. Hann hefur verið útnefndur hljóðfæraleikari ársins af Royal Philharmonic Society og meðal annarra viðurkenninga sem honum hafa hlotnast eru tvönn Edison-verðlaun, þrenn Gramophone-verðlaun og þýsku sem og frönsku (Diapason d'Or de l'Année) gagnrýnendaverðlaunin. Þá hefur Lewis verið heiðraður af nokkrum háskólum og opinberum stofnunum.

Á margverðlaunuðum hljómdiskaupptökum hans fyrir Harmonia Mundi-útgáfuna er að finna alla píanókonserta- og sönötur Beethovens ásamt Diabelli-tilbrigðunum, h-moll sönötu Liszts og önnur seinni verk hans, öll helstu píanóverk frá síðustu sex æviárum Schuberts og ljóðasveigana þrjá með tenórsöngvaranum Mark Padmore. Til viðbótar má nefna einleiksverk eftir Schumann og Músorgskj og d-moll píanókonsert Brahms með Sænsku útvarpshljómsveitinni undir stjórn Daniels Harding. Í bígerð eru hljóðritanir á píanósönötum Haydns, bagatellum Beethovens og verkum eftir Johann Sebastian Bach.

Paul Lewis er reglulegur gestur fremstu hljómsveita og tónlistarhátíða heimsbyggðarinnar og hefur hann á undanförunum misserum gert víðreist með píanókoserta Beethovens. Lék hann alla konsertana fimm á BBC Proms-tónlistarhátíðinni árið 2010 og er fyrstur manna til að vinna það afrek.

Tónleikarnir í dag eru liður í viðamiklu tónleikahaldi hans um allan heim þar sem hann leikur verk eftir þrjá meistara tónlistarinnar í Vínarborg á 18. og 19. öld – Haydn, Beethoven og Brahms.

Paul Lewis lærði hjá Joan Havill í Guildhall School of Music and Drama í London og sótti síðar einkatíma hjá Alfred Brendel. Hann er listrænn stjórnandi Midsummer Music sem er árleg kammertónlistarhátíð í Buckinghams-skíri á Englandi. Þá er hann stjórnandi alþjóðlegu píanókeppninnar í Leeds.

PAUL LEWIS UM EFNISKRÁNA

Píanósönötur Haydns hafa að geyma margt af því frumlegasta og skemmtilegasta í gjörvöllum píanóbókmenntunum. Það eru ekki mörg tónskáld sem geta fengið áheyrendur til að skella upp úr en Haydn er eitt þeirra, kemur sífellt á óvart í tónlist sinni. Brahms blandar í verkum sínum saman villtri ástríðu og fullkominni fagmennsku tónsmíðameistarans; honum tekst í tónlistinni að gefa jafnvel hamslausri tilfinningu yfirvegaðan blæ. Bagatellur Beethovens eru brú milli þessara tveggja heima; í sumum þeirra má greina kímigáfu Haydns en í öðrum heyrir fyrirboði þeirrar rómantíkur sem einkennir Brahms.



JOSEPH HAYDN

PÍANÓSÓNATA Í C-DÚR

Þegar nafn Josephs Haydn (1732–1809) ber á góma koma strengjakvartettar hans, símfóniur og óratorían *Sköpunin* fyrst upp í hugann. Píanóverk hans skipta þó tugum og sjálfur var hann snjall hljómborðsleikari - að eigin sögn þó enginn galdrakarl. Stjórnaði hann ósjaldan verkum sínum frá hljómborðinu en ólíkt þeim Mozart og Beethoven samdi hann píanóverk sín ekki með eigin flutning í huga. Hljómborðsverkin spanna nánast allan feril hans allt frá sembalverkunum sem hann samdi fyrir aðalborna nemendur sína í Vínarborg um og uppúr 1750 til þriggja stóru sónatanna (Hob. 50–52) sem urðu til í London rúmum fjórum áratugum síðar.

Árið 1760 gekk Joseph Haydn í þjónustu Esterházy-fjölskyldunnar og samdi tónverk sín um áratuga skeið ættmennum hennar og gestum til yndisauka. Fyrstu tveir húsbændur hans, prinsarnir Paul II Anton og Nikulás I, voru báðir tónelskir fagurkerar en það sama verður ekki sagt um Anton I (son þess fyrrnefnda og bróður þess síðarnefnda) sem tók við völdum árið 1790. Hann sagði upp samningum við flesta tónlistarmenn hirðarinnar og þó að Haydn væri ekki í þeim hópi var í raun ekki lengur þörf fyrir krafta hans þar á bæ.

Haydn var nú frjáls ferða sinna og tók fegins hendi boð um að koma til Englands þar sem hann dvaldi allt árið 1791 og fram á mitt næsta ár. Í þessari heimsókn og þeirri síðari (1794–95) samdi Haydn nokkur af helstu verkum sínum, þar á meðal 12 símfóniur, sex strengjakvartetta og píanósónötturnar þrjár sem fyrir eru nefndar.

Hina glæsilegu C-dúr píanósónötu samdi Haydn fyrir Theresu Jansen Bartolozzi sem var framúrskarandi píanisti og eftirsóttur kennari í London á síðasta áratug 17. aldar. Hér gefur að heyrna hvernig Haydn nýttir sér stærra tónsvið og aukna blæbrigðamöguleika hinna stóru og hljómmiklu Broadwood-hljóðfæra samanborið við minni og takmarkaðri hljóðfæri sem hann þekkti frá heimaslóðum.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SEX BAGATELLUR

Ludwig van Beethoven (1770–1827) fann allan sinn feril þörf fyrir að semja bagatellur, eða smáræði (Kleinigkeiten) eins og hann kallaði þær, fyrir píanó. Hann geymdi þær í möppu og beið eftir heppilegum tímapunkti til að gefa þær út. Fyrsta heftið sem hafði að geyma sjö bagatellur birtist fyrst á prenti árið 1803. Sumarið 1822 fékk Beethoven beiðni frá útgefandanum Carl Friedrich Peters um að semja fleiri bagatellur fyrir píanó. Beethoven, sem var önnur kafinn við vinnu að *Missa solemnis* og *9. sinfóníunni* sinni beiðni ekki fyrir en í febrúar árið eftir og sendi Peters sex bagatellur sem í dag eru þekktar sem þær fyrstu af ellefu op. 119. Peters brást hinn versti við - sagðist ekki vilja trúá að þetta léttmeti væri eftir Beethoven og neitaði að gefa þær út. Tónskáldið sneri sér þá til fyrrum nemanda síns, Ferdinands Ries sem bjó í London, og voru bagatellurnar sex ásamt fimm öðrum gefnar út í borginni af tónskáldinu og útgefandanum Clementi. Titill heftisins hljóðaði- *Smáræði fyrir píanó sem innihalda ellefu geðfelld stykki saman í mismunandi stiltægundum af L. van Beethoven*. Ekki voru allir samtímamenn sammála skoðunum útgefandanum Peters og birtist eftirfarandi hugleiðing í þýsku tónlistartímariti: „Við fyrstu sýn gefur að líta ellefu smá tónverk en í þeim býr óendanlegur tóframáttur! Músíkölsku orðin eru fá en innihald þeirra er mikið eins og allir innvígðir munu trúá - því er ekki Beethoven með öllu músíkalskur Æskílos í knappleika sínum? Í okkar augum eru þessar bagatellur sannar litlar lífsmyndir“.

Þessi orð eiga einnig vel við bagatellurnar sex op. 126 sem er síðasta verk Beethovens fyrir píanó. Sendi hann verkið ásamt forleiknum *Fyrir vígslu hússins* op. 124 til útgefandans B.Schott's Söhne í nóvember 1824. Í meðfylgjandi bréfi skrifaði hann: „6 bagatellur fyrir einleikspíanó, þar á meðal nokkrar heldur meira þróaðar og sannarlega það besta af þessum toga sem ég hef skrifað.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Á áskriftartónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands síðastliðið fimmtudagskvöld lauk Beethoven-hring Lewis og hljómsveitarinnar með flutningi Keisarakonsertsins. Beethoven-hringurinn hófst í mars 2017 með píanókonsertum nr. 2 og 3.



JOHANNES BRAHMS


SEX PÍANÓSTYKKI

Í maí árið 1890 skrifaði Brahms vini sínum, læknum Theodor Billroth bréf þar sem hann sagði meðal annars að hann væri hættur að semja tónlist. Tónsmíðabindindið stóð ekki lengi því snemma árs 1891 heyrði Brahms klarínnettukvintett Mozarts og f-moll klarínnettukonsert Webers í flutningi klarínnettuleikarans Richards Mühlfeld á tónleikum og varð svo gagntekinn að hann hófst þegar handa við að semja fyrir þennan nýja vin sinn. Strax þá um sumarið frumfluttu þeir Brahms og Mühlfeld *Klarínnetturíóið* op. 114 og *Klarínnettukvintettinn* op. 115 ásamt félagum úr Joachim-strengjakvartettinum. Premur árum síðar bættust svo klarínnettusónöturnar tvær op. 120 í safnið. Á tímabilinu þarna á milli samdi Brahms eingöngu verk fyrir einleikspíanó, *Sjö fantastur* og *Prjú intermezzi* (1892) og *Sex píanóstykki* og *Fjögur píanóstykki* (1893).

Oft er sagt að haustblær leiki um síðari verk Brahms. Það má ef til vill til sanns vegar færa en þýðir ekki að uppgjafartónn ráði ríkjum. Píanóstykkin sex op. 118 sýna okkur margar hliðar tónskáldsins, melódíska snilligáfu, afburða úrvinnslutækni og stórt hjarta í fögru, auðþekktanlegu tónmáli hans.

Verkið samdi Brahms sumarið 1893 í austurríska heilsulindarbænum Bad Ischl. Þangað leitaði hann gjarnan til að hvílast og njóta sumarblíðunnar sem hann unni svo mjög. Hún nærði líka sem oft áður sköpunarkraftinn - og núna síðustu píanóverk hans.

Ástríðufullur fyrsti kaflinn er stuttur og byggir á einu stafi. Allir hinir kaflarnir eru í A-B-A formi. Annar kaflinn er yfirmáta ljóðrænn en sá þriðji kraftmikill með lágstemmdum, dansandi B-hluta. Fjórði kaflinn er eins konar gletta í f-moll sem eftir tilbrigði um stefið í sammarka tóntegund (As-dúr) leitar eftir krókóttum en snilldarlegum leiðum til bjartra lokahljómannanna í F-dúr. Í þeirri tóntegund heldur meistarinn áfram í syngjandi stafi næsta kafla og spinnur í miðhlutanum við það tilbrigði í D-dúr. Síðasti kaflinn byrjar líkt og lággróma hugleiðing. Smám saman hækkar röddin og verður sigurviss um stund áður en upphafstemað snýr aftur á alvarlegum nótum.



JOSEPH HAYDN

PÍANÓSÓNATA Í G-DÚR

Joseph Haydn var drjúgan hluta starfsævi sinnar í þjónustu Esterházy-fjölskyldunnar en Esterházy-ættin var ein sú valdamesta í Austur-Evrópu og átti á þessu tímaskiði miklar landareignir í Ungverjalandi, Austurríki og Bæjaralandi.

Hirðin hafði um langt skeið haldið mest til á tveimur stöðum, í Vínarborg og Eisenstadt sem liggur ríflega 40 kílómetra suður af höfuðborginni. Á þessu varð breyting fljótlega eftir að fagurkerinn prins Nikulás Esterházy I tók við völdum eftir daga bróður síns. Hafist var handa við byggingu nýrrar hallar sem skyldi taka öllum öðrum fram um glæsileika og minna á sjálfa Versali. Var þessi mikla bygging nefnd Esterháza en auk skrautlegra tónleikasala fyrir hljóm sveitar- og kammerspil voru þar tvö leikhús, annað fyrir óperuflutning en hitt hýsti brúðuleikhús. Smíði hússins var að mestu lokið árið 1784 og hér samdi Haydn ógrynni verka sem leikin voru fyrir prinsinn og gesti hans enda var ekki slegið slöku við í veisluhaldi. Eitt af mörgum tilefnum til fagnaðar var brúðkaup hins 17 ára Nikulásar, sem var sonarsonur og alnafni ríkjandi valdhafa, og Maríu Jósefu prinsessu af Lichtenstein sem þá var 15 ára. Samdi Haydn þrjár píanósónötur, þar á meðal G-dúr sönötuna og tileinkaði hinni ungu prinsessu af þessu tilefni.

Það er því varla tilviljun að fyrsti kafli G-dúr sönötunnar ber yfirskriftina Allegretto innocente (allfjörlega og saklaust). Verkið er í tveimur köflum og í báðum þeirra leikur Haydn sér með stef í dúr og moll og spinnur út frá þeim þokkafull tilbrigði. Yfirbragð fyrsta kaflans er sætkennt og ljúft en sá síðari er rasandi hraður og ungæðislegur. Að sjálfsögðu er sónatan krydduð með stríðnislegum innskotum að hætti hússins.

Síðar átti Haydn eftir að semja sex stórar messur fyrir nafndaga Maríu eftir að Nikulás II settist í húsbóndastól Esterházy-ættarinnar eftir lát föður síns Antons árið 1794 en hann hafði þá aðeins ríkt í fjögur ár.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á DÖFINNI

FILM **15** FEB 19:30



OSMO STJÓRNAR SHOSTAKOVITSJ

Tónskáldin Shostakovitsj og Prokofjev urðu að þola margs konar mótlæti í Sovétríkjum Stalíns og er tónlist þeirra einmitt dæmi um það hvernig mikilfengleg list getur orðið til í móttbyr. Á þessum tónleikum hljóma tvö meistaraverk þeirra, bæði samin á fjórða áratug 20. aldar: Sjötta sinfónía Shostakovitsj og svíta Prokofjevs um Kijé liðsforingja. Áskell Másson samdi nýverið nýjan klarínettkonsert, *Silfurfljót*, fyrir Einar Jóhannesson sem frumfluttur verður á tónleikum. Stjórnandi tónleikanna er Osmo Vänskä, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

SUN **18** MAR 19:30



GESTAHLJÓMSVEIT GAUTABORGARSINFÓNÍAN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Gautaborg í apríl síðastliðnum við dágóðar undirtektir. Nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda greiðann og leika fyrir Íslendinga.

Einleikari er hin franska Hélène Grimaud sem hefur um áratuga skeið verið í hópi fremstu píanista heims. Hún hefur hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og hlotið öll helstu verðlaun klassíska tónlistarheimsins. Á tónleikunum leikur Grimaud hinn undurfagra píanókonsert nr. 4 eftir Beethoven en einnig hljóma tvö meistaraverk frá því um aldamótin 1900, valsaskotin svíta úr óperunni *Der Rosenkavalier* eftir Strauss og glæsileg frumraun Sibeliusar í sinfóníusmíðum.

Hljómsveitarstjóri er hinn finnski Santtu-Matias Rouvali, einn eftirsóttasti ungi stjórnandi heims um þessar mundir. Hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri og tekur við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gautaborg haustið 2017.



©Mat Hennek

Áskrifendur Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tryggt sér miða á tónleikana sem viðbót við áskriftarraðir sínar á hefðbundnu áskriftarverði.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA